

Alþingi, nefndasvið

Reykjavík, 6. Nóvember 2023


*Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.*

Þjóðkirkjan fagnar frumvarpi og gerir ekki athugasemd við frumvarpið en kemur með eftirfarandi umsögn:

Töluverð umræða hefur farið fram á undan förnum árum varðandi muninn á fræðslu annars vegar og boðun hins vegar. Í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar frá 2023 er munurinn skilgreindur með eftirfarandi hætti: „Með fræðslu er átt við þann þátt sem snýr að því að efla almennt þekkingu fólks á kristinni trú og boðskap hennar. Með boðun er hins vegar átt við fræðslu sem byggir upp persónulega tengingu fólks við kristna trú og boðskap hennar þannig að það eflist í trú sinni.“

Þar sem skólastofnununum er ætlað það hlutverk að sinna fræðslu en ekki trúboði er brýnt að hafa tilgang trúarbragðafræðslu skýran í þvertrúarlegu samfélagi nútímans. Prestar hafa á undanföllum árum veitt því eftirtekt að þekking á þekktustu sögum Biblíunnar er orðin afar fábrotin hjá fermingarárgöngum. Þegar litið er til menningararfs hins vestræna heims, svo sem bókmennta, kvikmynda og ýmis konar listaverka má oft sjá skírskotun í texta Biblíunnar. Hætt er við því að erfitt muni vera fyrir lesendur og listunnendur framtíðarinnar að skilja slíkar tilvitnanir. Kirkjan harmar því það menningarsögulega skipbrot sem þessu getur fylgt. Í þessu samhengi vill Kirkjan benda á 30. grein Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna þar sem segir að börn eigi rétt á að iðka eigin trú, tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni. Kirkjan telur auk þess að siðferðisboðskapur guðspjallanna og þau hugtök sem þar koma fram s.s. náungakærleikur og miskunnsemi eigi ríkulegt erindi til uppvaxandi kynslóðar og eru fjölmargar af dæmisögum og frásögnum Biblíunnar hentugar til þess þegar kemur að fjölbreytilegri úrvinnslu og lærdómi sem tengist lífsleikni.

Virðingarfyllst, f.h. biskups Íslands



Elín Elísabet Jónsdóttir

Fræðslustóri á þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar